

28. fundur hreppsnefndar Ásahrepps var haldinn á skrifstofu Ásahrepps miðvikudaginn 3. febrúar og hófst hann kl. 09:00.

Fundinn sátu:

Elín Grétarsdóttir, Brynja Jóna Jónasdóttir, Karl Ölvisson, Nanna Jónsdóttir og Egill Sigurðsson. Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Nanna Jónsdóttir.

Oddviti setti fund, bauð fundarmenn velkomna og leitaði eftir athugasemdum við fundarboðið.

Fyrir var tekið:

1. Fundargerðir

a) 7. fundur Húsakynna bs. haldinn 22. janúar sl. Liður 4 þarfnast umfjöllunar.

Liður 4. 1601011 - Sala íbúða við Giljatanga og lands úr Nefsholti 2

Heimild liggur fyrir frá sveitarstjórn Rangárþings ytra um sölu á landi úr Nefsholti 2. Tillaga um að stjórn Húsakynna bs. óski eftir kaupum á landinu þannig að eignarhald sé á einni hendi. Formanni falið að ganga til viðræðna við sveitarfélagið og leggja tillögu fyrir stjórn.

Samþykkt samhljóða.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir við fyrirliggjandi tillögu.

b) 103. fundur skipulagsnefndar Uppsveita, haldinn 21. janúar s.l. Mál nr. 1 þarfnast umfjöllunar og mál nr. 20 og 21 er til kynningar.

Mál nr. 1 1508060 - Ásborg lnr. 220762, Ás 1 spilda 2 lnr. 220760 og Ás 1 land 1 lnr. 175232:

Deiliskipulag.

Lögð fram að lokinni kynningu skv. 4. mgr. 40. gr. skipulagslaga tillaga að deiliskipulagi sem nær til um 60 ha svæðis og þriggja spildna (Ásborg 220760, Ás 1 spilda 2 220760 og Ás 1 land 1 lnr. 175232). Á hverri spildu er gert ráð fyrir byggingarreit fyrir íbúðarhús, bílskúr/gestahús og skemmu. Svæðið er í aðalskipulagi skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Tillagan var kynnt frá 7. til 18. janúar 2016 og hafa engar athugasemdir eða ábendingar borist utan umsagnar Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Óskað var eftir umsögnum frá Vegagerðinni og Minjastofnun Íslands en þær hafa ekki borist.

Skipulagsnefnd mælir með að sveitarstjórn samþykki að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga.

Hreppsnefnd samþykkir tillögu skipulagsnefndar.

Mál nr. 20. 1512039 - Alifugla-, svína- og loðdýrabú: Fjarlægð bygginga að lóðamörkum

Rætt um hvaða kröfur gera þurfi til deiliskipulags fyrir starfsemi sem fylgja kvaðir um fjarlægðarmörk.

Skipulagsfulltrúa er falið að vinna að gátlista um þau atriði sem fjalla þarf um í deiliskipulagi fyrir slíka starfsemi í samráði við Skipulagsstofnun.

Mál nr. 21. 1601005F - Afgreiðslur byggingarfulltrúa - 16-22.

Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 13. janúar 2016.

c) 32. stjórnarfundur stjórnar Skipulags- og byggingarfulltrúa Uppsveita bs. haldinn, 7. janúar sl. Liður 4 þarfnast umfjöllunar.

Liður 4. 1506031 - Ráðning starfsmanna: Starfsmannamál

Samþykkt að auglýsa eftir tveimur starfsmönnum fyrir embættið, tæknimanni og ritara.

Hreppsnefnd gerir ekki athugasemdir.

d) 3. fundur atvinnu- og ferðamálanefnd, haldinn 27. Janúar s.l.

Lagt fram til kynningar.

e) 44. stjórnarfundur stjórnar Brunavarna Rangárvallasýslu bs.

Lagt fram til kynningar.

f) 19. fundur stjórnar Lundar, haldinn 8. janúar sl.

Lagt fram til kynningar.

g) 20. fundur stjórnar Lundar, haldinn 1. febrúar sl.

Lagt fram til kynningar.

2. Erindi til hreppsnefndar

a) Styrkumsókn frá Hestheimum ehf. vegna reiðvegagerðar í landi Sumarliðabæjar 1.

Sveitarstjóra falið að kalla eftir frekari upplýsingum.

Erindinu frestað.

b) Beiðni um 6000 kr. styrktarlínu í SÍBS blaðið, 1. tbl. 2016.

Samþykkt

c) Beiðni um styrktarlínu í Víðsjá rit Blindrafélagsins, 1. tbl. 2016.

Hafnað

d) Beiðni um stuðning við MeginStoð rit MS-félagsins.

Hafnað

3. Deiliskipulag lóðar, Kálfholt

Lögð fram tillaga að deiliskipulagi 2 ha íbúðarhúsaloðar úr landi Kálfholts Inr. 165294. Lóðin liggur við Sauðholtsveg nr. 2398 vestan bæjartorfu Kálfholts. Gert er ráð fyrir að á lóðinni verði byggt allt að 200 fm íbúðarhús og 30 fm geymsla/gestahús.

Hreppsnefnd samþykkir að auglýsa tillöguna skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

BJJ vék af fundi undir þessum lið.

4. Greiðslu- og launaseðlar

Lögð fram tillaga um að taka upp rafræna sendingu og móttöku á skjölum.

Þeir sem óska þess að fá áfram send skjöl með bréfpósti gefst kostur á því.

Samþykkt

5. Næsti fundur hreppsnefndar

Næsti fundur verður 9. mars n.k. kl. 09:00 á Laugalandi.

Til kynningar:

- A. Fundargerð 169. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands.
- B. 504. fundur stjórnar SASS.
- C. Samfélagsbanki, Norræna húsið, 13 feb.
- D. Fundargerð SOS nr. 245.
- E. 498 - 503 fundir stjórnar SASS.

Fundargerð yfirlésin, samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 10:31

Elín Grétarsdóttir (sign)

Egill Sigurðsson (sign)

Brynja Jóna Jónasdóttir (sign)

Karl Ölvisson (sign)

Nanna Jónsdóttir (sign)